

## 2.

## NOKKRAR SVIPMYNDIR AF LÁTNUM LEIÐTOGA.

Eftir Birgi Kjaran

Af hverjum manni eru til þrjár myndir:

Sú, er hann gerir sér sjálfur.

Sú, er öðrum kemur fyrir sjónir.

Sú hin hlutlæga mynd raunveruleikans.

Þær kunna allar að vera með einhverju sama svipmóti, mismunandi líkar þó, og aldrei allar nákvæmlega eins, hversu heilsteyptur sem maðurinn kann að vera.

Þær fáu svipmyndir af Ólafi Thors, semhér veðja rissaðar upp, eru aðeins dregnar upp úr handraða mínum, og kunna að þykja fáskrúðugar af jafn-litríkru manngerð. Þar væri hjá öðrum, sem betur og lengur þekktu Ólaf Thors, um auðugari gerð að gresja. Hins vegar eru mér þessi myndabrot mín svo kær, að ég taldi mig ekki geta skorast undan að taka þau saman til birtingar, þegar ég var þess beðinn. Og verður þá að arka að auðnu, hvernig til tekst og hvort þau teljast nokkurs virði.

Þá hefur það og að mér hvarflað, hvort grein þessi væri ekki ótímabær, það væri ef til vill og fljótt að meta sögulega störf og veðrleika Ólafs Thors, og vissulega væri um seinan að tjá honum látnum hug sinn og láta í ljósi aðdáun á stórbrotnum persónuleika hans og gagnmerku starfi í þágu þjóðarinnar. Hvernig svo sem á það er litið

getur það vart talizt fljótræði né sögulega sé farið úrskaiðis, að vottuð sé virðing minningu þessa mikilhæfa leiðtoga, - en sá er einn tilgangur þessara orða. - Áður en lengra er haldið, skulu þó rakin hér nokkur æviatriði Ólafs Thors, þeim til glöggvunar, sem ókunnugar eru. Fljótt verður þó yfir sögu farið.

-----

Borgarnes var á síðasta tugi 19 aldarinnar mjög lítil staður, kaupmannshúsið, tvö smabyggð verzlunarhús og hús skransala nokkurs, sem útibú rak á staðnum frá höfuðstöð sinni í Reykjavík. Fleiri voru mannvirki staðarins ekki, en þó hafði verið þar löggiltur verzlunarstaður frá árinu 1877. Þangað flutti Thor Jensen ásamt konu sinni Margréti Þorbjörgu Kristjánsdóttur frá Hraunhöfn árið 1884. Þau komu frá Broðeyri.

Veru sinni í Borgarnesi lýsir Thor Jensen þannig: "Er við reistum bú í Borgarnesi, áttum við lítið til þess að gera heimili okkar vistlegt. Það var því fátæklegt útlits. En það var frá upphafi ríkt af þeirri ástúð, sem öllu er dýrmætari. - Á þessum bjarta kafla ævi okkar fæddust fjögur elstu börnin: Camilla, Richard, Kjartan og Ólafur".

Ólafur Thors fæddist í Borgarnesi 19. janúar 1892. En fjölskyldan dvaldist skamma hríð í Borgarnesi, því að tveim árum síðar fluttust þau hjón og börn þeirra fjögur til Akraness. Hálfri öld síðar segir hann Valtý Stefánsyni, ritstjóra frá þessum búferlaflutningi: "Hinn 4 september 1894 fluttumst við hjónin búferlum frá Borgarnesi til Akraness. - - Ég man þetta eins glögg og það hefði verið í gær. - - Ég leiddi yngsta drenginn okkar Ólaf, og bar hann spölkorn öðru hvoru í fnaginu. Mér er það minnisstætt, með hve mikilli athygli hann virti þetta ókunna umhverfi fyrir sér. Hann var



þá rúmlega hálfis þriðja árs að aldri".

Vonirnar, sem Thor Jensen hafði bundið við búferlaflutninginn til Akraness brugðust, og þar mættu honum fyrstu efnahagsörðugleikarnir, en við þá átti hann síðar oft að glíma, því aðlífi Thors Jensen skiptust vissulega oft á skin og skúrir. Um dvöl fjölskyldunnar í Borgarnesi og á Akranesi hefur Ólafur Thors sagt gagnrýrt allra: "Í Borgarnesi leið þeim vel". - - - "Á Akranesi tapaði faðir minn öllu sínu og varð gjaldþrota".

Enn var lagt upp og leitað nýrra landa. Hinn 4. október 199 stígur fjölskylda Thors Jensen á skipsfjöl og heldur með flóabátinum "Reykjavík" alfarin frá Akranesi til Hafnarfjarðar. En þar tók lítið betra við. Þar stóð fjölskyldufaðirinn uppi næsta slyppur, atvinnulítill og með sjö börn í ómegð. Svo var þá hart í ári hjá þeim, að hann varð að veðsetja bækur sínar og húsmuni til þess að afla nauðsynlegra matarbirgða fyrir heimilið og stunda skarkolaveiði til þess að fá í matinn handa munnum, sem stöðugt fjölgaði. Segir Thor Jensen í "Minningum" sínum svo um Hafnarfjarðarveruna? "Veðurinn 1899 - 1900 var sá daprasti og skuggalegasti sem ég hefi lifað". Enda héldust þau ekki lengi þarna við.

Leiðin lá til Reykjavíkur, 26. apríl 1901 hélt hestvagn með húsfreyjuna og yngri börnin frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Sama dag kom Ólafur Thors ásamt eldri systkinunum gangandi til Reykjavíkur. Þar átti Ólafur Thors síðan heimili til síns hinnta dags. eða í meira en sex áratugi.

-----

Reykjavík var svo sem heldur ekki næinn stórstaður um aldamótin, þegar Ólafur Thors kom þangað fótgangandi og leið höfuðborg landsins í fyrsta sinn; íbúatalan innan við sex þúsund og þilskipaútgerðin aðalbjargræðis vegur. Íbúarnir voru enn flestir fiskimenn og tómthúsmenn, auk embættismanna og þeirra sem höfðu til hnífs og skeiðar af kaupskap og handverki. Hús voru flest heldur lágreist og ennþá töluvert af torfbæjum og naustakofum. Þó hefur níu ára dreng sennilega þótt tilkomumikið að sjá skólavörðuna, hina nýbyggðu "Konunglegu pósthöfuð" á horni Austurstrætis, sem og nýbyggðan Landsbanka, auk heldur Dómkirkju og Alþingishúss. Kannski hafði faðir hans sagt honum áður frá öllum stór-magazínunum með útlenzku nöfnunum, svo sem "Liverpool", "Glasgow", "Aberdee2" o.s.frv. Og víst var þetta stórborg miðað við Akranes og Borgarnes. - Þótt staðurinn væri ekki ýkjastór á mælikvarða þeirra erlendu höfuðborga á aldamótamorgni síns lífs, þá voru samt nokkure teikn þess á lofti, að örula tæki fyrir nýjum degi. - Og Thor Jensen var einmitt einn af mönnum hins nýja dags.

Fjölskylda Thors Jensens festi fljótt rætur í þessum jaðrvegi. - Börnin fóru í skóla. Ólafur hafði verið í einhverjum tímum í Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Nú settist hann í 3. bekk barnaskóla Reykjavíkur og Kjartan bróðir hans í sama bekk. Þarna kynntist hann mörgum bekkjarsystkinum sínum, sem hann síðar átti samdæið með á einn eða annan hátt, svo sem Héðni Valdimarssyni, Páli Pálmasyni, Eggert Stefánssyni, Soffíu Siemsen o.fl. o.fl. Síðar bættust í bekkinn, Bjarni Ásgeirsson, Bjarni Sighvatsson, Einar Lvaran og Snæbjörn Stefánsson, og þá ekki sízt Jón Ásbjörnsson, sem frá þeim tíma varð hollvinur hans til æviloka. - - Kennararnir voru heldur ekkert hversdagsfólk: Morten Hansen, skólastjóri, Sigurður Jónsson, reikningkennari, og þær frökenarnar Thora Friðriksson og Guðlaug Arason.



Jón Ásbjörnsson var alltaf dúxinn í bekknum, en Ólafur hafði á ýmsu meiri áhuga en náminu, enda ákaflega fjörmikill og af sumum talinn óstýrilátur í meiri máta, en þó að sögn bekkjarsystkina hans mjög vel liðinn af kennurum og var venjulega allt fyrirgefið, sem öðrum hefði hreint ekki fyrirgefist. Meðal bekkjarsystkina var hann og vinsæll mjög, hefur móðir mín tjáð mer, enda þá þegar komnir fram hjá honum eðliskostirnir að vera greiðugur öðrum fremur og alltaf hreinskilinn og áreiðinn, ef á þurfti að halda. - Þess má geta, að þegar í barnaskóla þótti Ólafur sérlegur reikningshaus. eins og það var kallað, og komst enginn í hálfkvisti við hann t.d. í hugarreikningi. Þetta var list, sem Ólafur skákaði flestum í um dagana og kom honum oft að góðu haldi síðar á umræðufundum og annars staðar, þar sem töölum var beitt sem rökum. Bersku- og æskudagar Ólafs Thors í Reykjavík á fjölmennu og góðu heimili, þar sem mild móðurhönd stjórnaði tápmiklum barnahóp, hafa vafalaust verið bjartir hamingjudagar. Enda andar hlýju af minningum hans frá þeim tíma, sérlega, er hann minnst móður sinnar og segir í endurminningagrein, sem hann ritaði um hana árið 1949: "Það er hvíld og unaðsleg gleði að hugsa um móður sína". - - "Ekkert lyf var til þafns við lófann á mömmu. Þegar hún var nærri, var líka enginn hræddur, heldur ekki þeir, sem kjarkminnstir voru. Hún var bjargið". - - Í góðum foreldrahúsum liðu bernskuár hans, og kann ég ekki frekar frá þeim að herra.

-----

Að loknu barnaskólanámi fór Ólafur í Menntaskólann og var þar enginn námsgarpur fremur en í barnaskólanum. Stúdent varð hann árið 1912 og hélt síðan til Kaupmannahafnar og lauk þar heimspekiþrófi árið 1913. Frá þeim tíma er til fallett bréf frá Thor Jensen til Ólafs, sem sýnir svo vel nán tengsl þeirra feðga, lífsvizku gamla mannsins og umhyggju fyrir syninum, að mér þykir rétt að birta það hér:

"En hvað mér þykir vænt um, að þú skulir lesa vel og hafa áhuga fyrir náminu og að þú sjáir að þú ert að vinna fyrir framtíð þína. En það hefur þú ætíð gert, Óli minn. Það kemur ekki allt í einu, en hver kapituli eftir annann, eins og í skáldsögu, en þitt er að gera hvern þann kapitulann sem merkilegastan, og ekki sízt að forma innihaldið svo, að hvert bindi af þeirri bók, sem nefnist ævibók þín verði sem merkilegast efni til, þannig að ætíð verði skemmtilegt að fletta upp í henni og lesa sér það til, að aðalpersónan fari dagvaxandi í skilningi um tilætlun sína hér í þessum heimi, að honum hafi lærst að þekkja sjálfan sig og þar af leiðandi fengið hugboð um, hvað megi ætlast til að fá út úr ekki meiri þeyja en Óli litli einu sinni var. Þetta og þvílíkt mun gleðja foreldra þína, ef þér tekst það, svo vel fari, sem er okkar öruggasta von. Jája, Óli sæll, nú er víst nóg komið af "Moral og Filósófi", og bezt að snúa við blaðinu áður en þú þreytist á því, því að sízt vildi ég eiga það á hættu, að þú skellir við skollaeyrunum og að þér fari að leiðast stagið úr karlinum honum pabba þínum".



Hugur Ólafs hneigðist ekki til langskólagöngu. Lifið kallaði. Thor Jensen stóð sem fyrr í stórræðum og vildi fá syni sína til þess að leggja hönd á plóginn. Kveldúlfur var stofnaður, og Ólafur varð einn af forstjórum þess fyrirtækis. Hann var þar vissulega í réttum sessi. Hann var fæddur athafnamaður, og hugur hans stóð til útgerðar. Hann ætlaði sér að verða útgerðarmaður, gera út skip, eiga skip og stjórna skipaflota. Honum kom um þær mundir aldrei til hugar að verða skipstjóri á Þjóðarskútunni. Svo sagði hann mér oft en einu sinni.

Hann var ánægður með sitt hlutskifti, og mjög jók það á lífshamingju hans, að um þessar mundir kvæntist hann konunni Ingibjörgu, dóttur Indriða Einarssonsr skálds og Mörtu Guðjohnsen. Þá eignaðist hann lífsförunaut, sem var honum ómetanlegur í blíðu og stríðu. Mikill hlégarður í stormasömu lífi.

En enginn reinnir sínum sköpum, og áður en varði var Ólafur Thors kominn inn í hringiðu stjórnmalanna. Hann var kosinn á þing fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1925.

-----

Ólafur Thors sagði mér frá þessari innreið sinni í íslenskt stjórnmálalíf eitt sinn, er við vorum á smá ferðalagi í pólitískum erindum árið 1959. Ferðinni var heitið að Félagsgarði í Kjós, og ætlaði Ólafur þar að messa yfir sínu fólki, og átti ég að vera einhverskonar meðhjálpari við athöfnina. Hafði ég stundum gegnt því starfi áður á fundum í kjördæmi hans, bæði í Keflavík, Sandgerði og Kópavogi. Hafði það víst tekizt skaplega, nema hvað hann veitti mér stundum ákúrun og sagði að ég fti ekki alltaf að vera að tala um sjálfan mig, heldur sig.

Hvað auðvitað var laukrétt, en við erum nú bafa allir svo eigingjarnir og hégómlegir, að slíkt er hægara sagt en gert.

Þetta var svo sem enginn meiriháttar viðburður, en mér minnisstæður þó, og því rifja ég hann hér upp. Við vorum tveir í bílum. Ólafur ók léttilegum Buick-vagni sínum. Honum var margt betur gefið en að aka bifreið, og þó státaðai hann af því að hafa eitt elzta ökuskirteini landsins, sem meðal annars gaf honum rétt til þess að kenna á bifreið. Hann var heldur ekki að gera því skóna, hversu vel hann kynni að meðhöndla bíla, og sagði meðal annars ýmsar kátlegar sögur af samskiptum sínum við bifreiðar. - - Að þessu sinni var ofsarok og gekk á með skúrum.. Vindur var af suðlægri átt og stóð inn Hvalfjörð, og voru því hvítfextar öldur um allan fjörð. Á ströndinni fram undan Esju brimaði tölvvert. Ólafur ók greitt, talaði mikið og láðist stundum að virða stormbyljuna viðlits og sýndi beygjum vegarins ekki fulla virðingu. Allt fór samt vel.

Á fundinum voru mættir um sextíu bændur úr Kjós og neðan úr Mosfellssveit. Ég þekkti fáa. Einn elstur manna þarna var Steini frá Valdastöðum. Þar voru og bræðurnir frá Hálsi, Ellert Eggertsson frá Meðalfelli, Magnús Blöndal frá Grjóteyri, Ólafur í Brautarholti, Sigsteinn frá Blika-stöðum, Jónas í Stardal og margt fleira valinmenna. - - Þarna voru heilmikil ræðuhöld, ekkert situr þó efitr í mér af þeim nem a lokaræða Ólafs, þegar hann minntist gamalla kynnas sinna af mönnum úr héraði og síns fyrsta þingmálafundar á þeim slóðum. Það var stutt ræða, látlaus, einlæg og náði alveg hugum manna.



Sem fyrr segir rifjaði Ólafur upp við mig sína fyrstu þingmálareisu, þegar við ókum þarna í gjóstri Esjunnar: Það var árið 1925, og fyrsti framboðsfundurinn var að Reynivöllum í Kjós. Þá var enginn vegurinn. Þeir komu þess vegna frambjóðendurnir með mótorbáti upp í Hvalfjörð og fóru síðan síðandi til Reynivalla. Einn mótframbjóðenda hans var Haraldur Guðmundsson, síðar ráðherra. Ekki voru þeir meiri hestamenn en svo frambjóðendurnir, að þeir duttu allir af baki á leiðinni. Það var nefnilega holklaki í jörðu og hestarnir hrösuðu. - Ólafur sagðist hafa verið kvíðinn fyrir þessum fundi, frekar óvanur sjálfur en Haraldur þjálfaður vel og talinn þegar skæður ræðumaður. Allt gekk samt vel fyrir Ólafi í umræðum, og voru hans fylgismenn vel ánægðir með frammistöðuna. Þingmálafundurinn munu þá hafa verið meiri sveitarviðburður en nú teljast þeir; því til dæmis má nefna, að einn bænda, Andrés á Hálsi, var þarna mættur með mennilegan barnahóp, eða ein átta, sem hann lét syngja í tvöföldum kvartett. Það hefur víst verið velsöngvið fólkað Hálsi. - - Ólafur hafði og orð á því, að sér hefði alltaf fundist sérlegur menningarbragur á fundum og samkomum í Kjós og raunar á allri framkomu Kjósverja almennt.

Á heimleið sagði Ólafur mér eitt og annað af stjórnmálaferli sínum. Dró hann enga dul á, að hann taldi flokk sinn hafa verið steinrunnið íhald, þegar hann fyrst kynntist honum og nefndi þar ýmsa til. Sumir hefðu svo jafnvel versnað með aldri en Jón Þorláksson hefði hins vegar orðið frjálsslyndari með hverju ári, hefði verið íhaldssamur ráðherra, en mjög víðsýnn og frjálsslyndur borgarstjóri. Á Jóni hafði hann annars miklar mætir og taldi hann óvenjulegan mann hvað snerti skarpa greind, heila lund og heiðarleika.

Þeim hinum ráðsettu og vel íhaldssömu mun hafa litizt nokkuð misjafnt á þingkomu Ólafs. - - Hann sagði t.d., að Halldór Steinsen, þingmaður Snæfellinga, sem ekki var neinn umrótismaður, hafi sagt við sig mörgum árum síðar, að hann hafi sagt við félagana sína eftir fyrsta þingflokksfundinn, sem Ólafur sat: "Það er naumast að okkur hefur bætzt liðsaukinn." - - Síðar urðu þeir góðir vinir. - - Eftir að Ólafur hafði aðeins setið eitt ár á þingi, segir hann að sér hafi boðizt ráðherrastaða, en hann hafnaði henni og talið tilboðið fráleitt. - "Ég treysti mér alls ekki í það, hreint út sagt", sagði hann. "Var bara ekki vitlausari en það", bætti hann við. - - "Maður verður nefnilega að læra pólitík eins og hvað annað", sagði hann að lokum.

-----

Teningnum var kastað. Ólafur Thors hafði haslað sér völd á vettvangi íslenskra stjórn mála og átti eftir að eiga setu á 48 þingum, eða um 40 ára skeið, og mynda fimm ríkisstjórnir. Héðan af urðu stjórn málin honum bæði starfið og tómstundaiðjan.

Winston Churchill, sem Ólafur dáði mjög, hefur einhversstaðar skrifað, "að mannfólkinu megi skipta í tvo hópa: þann fyrri, sem lítur á vinnuna sem vinnu og skemmtun sem skemmtun, og hinu flokkinn, sem vinnan er skemmtun".

- - Ég held, að Ólafur hafi vafalítið tilheyrt síðari manntegundinni.

Þegar Ólafur Thors kom fyrst á þing, var hann einn í hópi ungra mannam sem báru blys nýs tíma inn í þingsalina.



Margir stjórnámálamenn telja sig hafa verið teymda gegn vilja inn á svið stjórnálanna, og láta sumir hverjir svo sem þeim sé starfinn ekki geðþekkur. Um Ólaf gengði öðru máli. Að vísu tjáði hann mér, að tilviljun hefði nokkru um ráðið, að hann lagði inn á þessa braut, en aldrei heyrði ég, að honum væri eftirsjá í, að sú varð raunin á, né að hann hefði vilhað kjósa sér annað hlutskipti í lífinu.

Fyrst varð Ólafur Thors ráðherra í ráðuneyti Ásgeirs Ásgerissonar 1932 og gengdi þá störfum dómsmálaráðherra í forföklum Magnúsar Guðmundssonar. 1942 varð hann í fyrsta sinn forsætisráðherra. Ráðherraferill Ólafs verður ekki frekar rakinn hér, en honum lauk 14. nóvember 1963, er hann sagði af sér, þegar læknar hans ráðlögðu honum að taka sér hvíld.

Árið 1934 var Ólafur kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins og gengdi þeirri forystu til ársins 1961, en þá sagði hann af sér formennsku flokksins.

Það er vandaverk meira en hér verður leyst að rekja sögu svo margslungins mannlífs. - Enda væri það stórstíka röska aldarfjórðung íslenzkrar stjórnálasögu, svo snar var þáttur í þeirri sögugerð.

-----

Ég geri ráð fyrir, að vörðurnar sem Ólafur Thors hafði talið marka stóru áfangana í sínu stjórnálalífi, hafi verið þær, er hann fyrst var kosinn á þing, fyrsta þáttaka í ríkisstjórn ern hann hlaut formannskjör í flokki sínum, fyrsta stjórnarmyndun, stofnun lýðveldis og nýsköpunarstjórnin. Kann þó sitthvað að vera ótalið af merkum málum, sem hann bar sérlega fyrir brjósti.

Gerir ég ráð fyrir, að þar séu landhelgismálin efst á baugi. Og þegna þess, að ég vissi, hversu hjartfólgin þau voru honum, mun ég fara um þann þátt fáeinum orðum.

Er Ólafur Thors var utanríkisráðherra í nýsköpunarstjórninni, lét hann hefja gagnræna athugun á öllum þáttum landhelgismálsins. Sá undirbúningur hafði síðar mikla þýðingu fyrir framvindu málsins. Árið 1952 gaf hann út reglugerð um beinar grunnlínur og fjögurra mílna landhelgi. Þegar Bretar svöruðu þeim aðgerðum með löndunarbanni, var málið að frumkvæði Ólafs tekið upp hjá OEEC og sótt þar gegn Bretum. Sjálfur fór Ólafur á ráðherrafund OEEC haustið 1952 og talaði máli okkar þar og ræddi það meðal annars óformlega við Anthony Eden. Síðar hittir Ólafur Thors Adenauer kanzlara í Þýskalandi og Macmillan hér suður í Keflavík. Ekki er kunnugt um viðtöl þessi í einstökum atriðum, en víst er um það, að persónuleg kynni hans af þessum mönnum munu ófáð hafa átt góðan þátt í farsælli lausn landhelgisdeilunnar, aflað okkur stuðnings Þjóðvera og aukið skilning Breta á okkar sjónarmiðum.

Þess flokksforingja ver Ólafi oft vandi á höndum. Hann sagði einhvern tíma við mig: "Ég á sjö börn á landi og sjö börn í sjó". Hans var að halda saman þessu mikla bandaríki stéttanna, Sjálfstæðisflokknum, sætta byggð og borg, launamenn og vinnuveitendur og ungt fólk og eldri kynslóð. Þetta var mikil lést sem honum var laginn. Hann var ákaflega "ótofox" í skoðunum; sumum fannst það stundum jaðra við hentistefnu. Sjálfur sagði hann eitt sinn að mér áheyrandi: "Ég tel mig ekki bundinn af neinni stefnuskrá, sem einhver kosningaskrifstofa útbýr".

- - Vissi ég ógn vel, hvað klukkan sló þá. - - Engu að síður voru skoðanir Ólafs Thors grunnmúraðar í fáum einföldum meginatriðum. Hann var einstaklingshyggjumaður,



hann var frelsisunnandi og hafði andúð á allri kúgun, hann var fylgjandi einkaeignarrétti og athafnafrelsi..

Það voru sem betur fer fleiri en við flokksmann hans, sem kunnuað meta Ólaf Thors að verðleikum. Svo lágt sem okkur finnst stundum risið á íslenskum stjórnámálum, eru þó til augnablik, þegar stjórnámálamennirnir rísa upp af flatneskjunni og sýna alþjóð, hvern mann þeir hafa að geyma. Við andlát Ólafs Thors sáust þessa merki, er andstæðingar hans auk vina vottuðu honum virðingu sína. Þar sem mér finnst þetta þess vert, að það geymist, leyfi ég mér hér að birta nokkur ummæli þeirra. Eysteinn Jónsson orðaði það svo: "Erfiður andstæðingur gat Ólafur verið, en leiðinlegur var hann aldrei"..

Einar Olgeirsson sagði: "Honum tókst sakir hugrekki, víðsýni og annarra forystuhæfileika að halda Sjálfstæðisflokknum, flokki íslenskrar borgarastéttar, sem stærsta og völdugasta flokki landins, en slíkt hefur engum formanni forgarastétta á Norðurlöndum tekist að gera á þessari öld".

Vinur hans og pólitískur arftaki, Bjarni Benediktsson, sagði þessi eftirminnilegu orð: "Ólafi datt aldrei í hug að láta hefur fallast, þótt móti blési, hann var allra manna fyrstur að átta sig og úrræðagóður flestum fremur. Hann var sjálfkjörinn foringi, og menn lutu leiðsögn hans með ljúfu geði".

-----

Það er sennilega öllum mjög erfitt að gera grein fyrir því, hvernig aðrir menn orka á þá, og trúlega þeim mun örðugra, sem persónutöfrar viðkomandi eru meiri og tor- skýranlegri. Ég held, að móðir mín hafi lýst þessum persónutöfrum Ólafs Thors einna best í mín eyru. Hún sagði eitt sinn:

"Manni fannst stofan bókstaflega fyllast, þegar Ólafur kom inn, verða víðara til veggja og bjartara. Það fylgdi honum slík hlýja".

Ólafur var vissulega mikið víravirki fágætrar mann- gerðar. Honum voru líka snemma falin mikil mannafor- ráð, og hann naut alla tíð mikillar mannhylli. Honum foru forystuhæfileikarnir í blóð bornis, og stjórn málin voru honum list. Hann var ákaflega rökfastur í hugsun, minnið fínt, hugsunin skýr, og hann átti hægt með að draga meginatriði saman og setja þau fram á einfaldan og skiljanlegan hátt. Rödd hans sem ræðumanns var þrótt- mikil. Bestur fannst mér hann sem ræðumaður í svar- ræðum og að henda hnútur á lofti og senda til baka. Síðri í framsöguræðum og stundum afleitur, ef hann var með skrifaðar ræður, sem hann hafði ekki gefið sér tíma til þess að lesa samilega yfir. Hann var betri ræðumaður á fundum en í útvarpi; á fundum naut þros hans, kímni, og glæsileg framkoma sín betur.

Utan stjórn mála átti Ólafur Thors auðvitað sínar kyrru stundir og þá fyrst og fremst með fjölskyldu sinni. Hann las töluvert af bókum og meira en margur hélt, en flíkaði því lítið og dró engan dul á, að hann hefði gaman af samilegu skáldsögum, sem vitringar telja ekki til klassískra bókmennta. Man ég meðal annars, hversu gaman hann hafði af bókinni "Frú Parkington" eftir Bromfield, svo að eitthvað sé nefnt. En mesta ánægju hafði Ólafur af að taka í spil, og var enda mjög góður spilamaður og spilaði líka löngum við menn, sem þá íbrótt



kunnu, svo sem Svein Björnsson, Tryggva Þórhallsson, Pétur Magnússon Lárus Fjeldsted og Einar Baldvin Guðmundsson, svo að nokkrir séu nefndir.

Þess þjóðlífsáhorfandi á ég eins og fjölmargir aðrir margar svipmyndir af Ólafi Thors, í gleði og grjóthrið. Ég man eftir honum ærulausum, er strákalýður elti hann úr þinghúsi í Sjálfstæðishúsið, er Keflavíkursamningar voru samþykktir á Alþingi, og stóru hattbörðin hans voru alþakin steinarusli. Ég man eftir því, þegar einn fjölmennasti stjórnárafundur, sem ég hefi setið í Háskólabíói, hyllti þau hjón svo innilega, að aðra slíka hyllingu man ég ekki.

Ég á líka margar persónulegri myndir af Ólafi, þegar hann kallaði mig í sambandi við eitt og annað til skrafs heim til sín, og við sátum uppi í hornherberginu, og oftast var Ingibjörg viðstödd. Lagði venjulega lítið til mála, en ef það var, þá helzt til þess að lægja ofsa annarra. Enn verður mér oft lítið til hornherbergis þess, sem veit svo fagurlega að Reykjavík - sérlega ískamdeginu. Þá lít ég eftir ljósi í þeim glugganum, sem Ólafur Thors stóð oftast við að Garðastræti 41, og inni í stofunni sat Ingibjörg, konan að baki manns.

Ólafur Thors, held ég, að hafi ekki verið neinn sagnfræðingur, hann hugði lítið að fortíð og spáði fáu um framtíð. Hann lék á hörpu samtíðar sinnar ógnlaus um úrslit og afdrif, treystandi mýkt boga síns og þols strengja hennar. Hann var mikill maður og vissi það sjálfur, og hlaut af þeirri vitund minna tjón en margur annar. Hann vissi líka, að hann vissi ekki allt, og nokkurs var virði að heyra álit og skoðanir annarra manna, áður en ákvarðanir voru teknar.

Nýlega las ég grein eftir enskan rithöfund, Hector Bolitho, um brezka stjórnámámanninn William Pitt, og fannst mér margt í lýsingu hans á Pitt, sem hann hefur eftir Lord Melbourne, minna svo mjög á Ólaf Thors, að ég leyfi mér að tilkoma þau orð hér:

"Hann heldur athygli okkar, vegna þess að hann flýgur laus við alla eiginhagsmuni á vængjum raunsærrar meginstefnu og er siðferðilega óttalaus. - Það er eitthvað konunglegt við skapgerð Pitts: hann ann að vísu völdunum, en er þó göfuglyndur og mildur".

Ólafur Thors var óvenju laus við að vera orðsjúkur maður, og aðra hafði hann aldrei að skildi fyrir sér. Það var ljúft að fylgja þeim leiðtoga. Vel tel ég þessi vísu orð Þorsteins Erlingssonar lýsa honum, þótt um annan séu kveðin:

"Þó að öðrum bregði í brún,  
bólgni og rjúki leiðin,  
siglir hann alltaf efst við hún,  
á því þekkist skeiðin".

Vörður, 40 ára afmælisrit 1966.